Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

151. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn á Flug Hóteli miðvikudaginn 27. desember og hófst hann kl. 17:00.
Mættir: Ægir Sigurðsson, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Jón Gunnarson, Sturlaugur Ólafsson, aðstoðarskólameistari, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

## 1. Yfirlit haustannar 1989 og vorannar 1990.

Skólameistari gat þess að í dagskóla hefðu verið um 600 nemendur, í öldungadeild 140 og í námsflokkum 40.
22. desember s.l. útskrifuðust frá skólanaum 49 nemendur, þar af 26 stúdentar og var skipting á milli byggðarlaga þannig:

**Keflavík 29,**
**Sandgerði 1,**
**Garður 4,**
**Grindavík 2,**
**Vatnsleysustrandarhreppur 4,**
**Njarðvík 8,**
**Hafnir 1.**

Líkur benda til að nemendafjöldi á næstu önn verði nokkuð minni.

## 2. Fjármál.

Bæði skólameistari og fjármálastjóri skýrðu ýmsa þætti í rekstri skólans á þessu ári, m.a. kom fram að kaup á tækjum og f.l. var frestað þar til í nóvember og desember þegar séð varð hvaða fjármunir voru til ráðstöfunar til þessara mála.
Í bréfi frá S.S.S. nú í þessum mánuði kemur fram að eftirtaldir rekstrarliðir án þátttöku ríkissjóðs verða ekki greiddir af sveitarfélögum.

| | | |
|---|---|---|
| Laun skólameistara | kr. | 293.302.- |
| Laun matráðskonu nemenda | " | 760.386.- |
| Launatengd gjöld | " | 116.050.- |
| Akstur skólameistara 40% | " | 168.800.- |
| Akstur kennara | " | 480.000.- |
| Akstur nemenda | " | 1.950.000.- |
| Lóðarleiga | " | 51.000.- |
| Tryggingar utan skyldu | " | 325.000.- |
| | Kr. | 4.146.538.- |

151. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn á Flug Hóteli miðvikudaginn 27. desember og hófst hann kl. 17:00.
Mættir: Ægir Sigurðsson, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Jón Gunnarsson, Sturlaugur Ólafsson, aðstoðarskólameistari, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

## 1. Yfirlit haustannar 1989 og vorannar 1990.

Skólameistari gat þess að í dagskóla hefðu verið um 600 nemendur, í öldungadeild 140 og í námsflokkum 40.
22. desember s.l. útskrifuðust frá skólanum 49 nemendur, þar af 26 stúdentar og var skipting á milli byggðarlaga þannig:

**Keflavík 29,**
**Sandgerði 1,**
**Garður 4,**
**Grindavík 2,**
**Vatnsleysustrandarhreppur 4,**
**Njarðvík 8,**
**Hafnir 1.**

Líkur benda til að nemendafjöldi á næstu önn verði nokkuð minni.

## 2. Fjármál.

Bæði skólameistari og fjármálastjóri skýrðu ýmsa þætti í rekstri skólans á þessu ári, m.a. kom fram að kaup á tækjum og f.l. var frestað þar til í nóvember og desember þegar séð varð hvaða fjármunir voru til ráðstöfunar til þessara mála.
Í bréfi frá S.S.S. nú í þessum mánuði kemur fram að eftirtaldir rekstrarliðir án þáttöku ríkissjóðs verða ekki greiddir af sveitarfélögum.

| | | |
|---|---|---|
| Laun skólameistara ................................ | kr. | 293.302.- |
| Laun matráðskonu nemenda ........................ | " | 760.386.- |
| Launatengd gjöld ................................ | " | 116.050.- |
| Akstur skólameistara 40% .. ................ | " | 168.800.- |
| Akstur kennara ................................ | " | 480.000.- |
| Akstur nemenda ................................ | " | 1.950.000.- |
| Lóðarleiga ................................ | " | 51.000.- |
| Tryggingar utan skyldu ................................ | " | 325.000.- |
| | Kr. | 4.146.538.- |

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100



Ljóst er að fella verður þessa rekstrarliði niður að undanskyldri matráðskonu nemenda og skólaakstri. Það kom fram að ekki er um annað að ræða en að leggja þennan kostnað á nemendur og var skólameistara og fjármálastjóra falin framkvæmd þessara mála.

3. **Önnur mál.**

a) Skólameistari lagði fram bréf frá S.S.S. þar sem samþykkt er að tilnefna Vilhjálm Grímsson, Ellert Eiríksson og Eðvald Bóasson til viðræðna við skólanefnd FS um húsnæðismál skólans.

b) Guðmundur Björgvinsson, kennari biður um lausn frá störfum á næstu önn. Skólanefnd samþykkir að ráða Viðar Oddgeirsson til starfa.

c) Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar gat þess að vegna nýrra framhaldsskóla laga taki ný skólanefnd við um áramótin og væri þetta síðasti fundur þessarar skólanefndar.
Hann kveðst vonast til að skólanum takist að halda sjálfstæði sínu hér eftir sem hingað til. Ljóst væri að fjárhagur hans væri með besta móti og mikilvægt væri að ekki sigi á ógæfuhliðina í þeim efnum. Að lokum þakkaði Guðmundur nefndarmönnum gott samstarf og sagði fundi slitið.
Skólameistari þakkaði skólanefndarmönnum fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Guðmundur Björnsson
Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.

Jón Sæmundsson
Jón Sæmundsson,
fundarritari og fjármálastjóri.